

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

8. tbl. 3. árg.

3. september 2025

### Skilti til minningar um vesturfara afhjúpað á höfninni



*Fjöldi fólks fagnaði nýju og glæsilegu skilti til minningar um vesturfara á síðasta degi ágústmánaðar.*

Nýtt skilti til minningar um vesturfara var afhjúpað á Stykkishólmshöfn sunnudaginn 31. ágúst sl. Skiltið er unnið í samvinnu við ættfræðifélagið Icelandic Roots. Félagið hefur það að markmiði að heiðra og halda á lofti sögu vesturfara og hjálpa fólki í Norður-Ameríku, og

annars staðar í heiminum, að finna og efla tengsl sín við Ísland. Um 50 sjálfboðaliðar og meðlimir félagsins sóttu viðburðinn en sambærileg skilti voru einnig afhjúpuð á Eyrarbakka og Húsavík. Árið 2023 voru sett upp skilti á Seyðisfirði, Vopnafirði, Sauðárkróki og Borðeyri

á vegum félagsins til að heiðra vesturfara og halda sögu þeirra á lofti. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar, flutti ávarp af þessu tilefni auk þess sem Sunna Furstenau þakkaði sveitarfélaginu fyrir góðar viðtökur fyrir hönd Icelandic Roots og fór stuttlega

yfir starfsemi félagsins. Viðburðurinn var vel sóttur en að lokinni afhjúpun var boðið upp á léttar kaffiveitingar frá kvenfélaginu í Norska húsinu. Fleiri myndir frá viðburðinum má finna í blaðinu en Sumarliði Ásgeirsson var með myndavélina á lofti.

## Umferðaröryggi bætt á Silfurgötunni



*Umferðareyjum hefur verið komið fyrir á Silfurgötu.*

Í umhverfisgöngum bæjarstjóra sem hófust árið 2019 kom fram ákall um bætt umferðaröryggi í Stykkishólmi. Áður hafði verið bent á það á fundum skóla- og fræðslunefndar að rýna þyrfti þetta málefni sérstaklega m.t.t. umferðaröryggis á skólasvæðum. Frá

þeim tíma hefur sveitarfélagið Stykkishólmur lagt ríka áherslu á að bæta umferðaröryggi í sveitarfélaginu og unnið markvisst að fjölmörgum úrbótum á því sviði, m.a. með bættum göngu- og tengistígum víðsvegar um bæinn. Vorið 2022 var umferðaröryggisáætlun

sveitarfélagsins samþykkt en víðtækt samráð við íbúa átti sér stað við gerð áætlunarinnar. Í áætluninni er m.a. lagt til að vinna gegn umferðarhraða á Silfurgötu með hraðahindrunum. Í byrjun ágúst mánaðar settu starfsmenn sveitarfélagsins upp umferðareyjur í götunni í

samræmi við skýrsluna.

Staðsetningar þrenginganna og útfærsla var unnin í samstarfi við ráðgjafa VSÓ. Með aðgerðunum er leitast eftir að auka öryggi bæði gangandi og akandi vegfarenda eins og best verður á kosið.

## Gjaldskyldu þessa árs lýkur eftir september



Gjaldtaka á bílastæðum við höfnina hófst 30. júlí síðastliðinn og hefur verið áberandi í umræðunni síðan. Til að koma til móts við atvinnurekendur á svæðinu samþykkti bæjarráð, á 35. fundi sínum, að veita ferðapjónustuaðilum í veitingarekstri og hafsækinni upplifunarpjónustu heimild til þess að veita viðskiptavinum gjaldfrjáls bílastæði á P1 út árið 2025. Bæjarráð vísaði áframhaldandi gjaldtöku og fyrirkomulagi

til umfjöllunar í atvinnu- og nýsköpunarnefnd. Í framhaldi af þeim fundi verði svo haldinn sameiginlegur fundur fulltrúa sveitarfélagsins með ferðapjónustuaðilum, félagi atvinnulífs og öðrum hagsmunaraðilum. Gjaldskyldu þessa árs lýkur eftir september en samkvæmt gjaldskrá bílastæðasjóðs er gjaldskyldutími frá 1. maí til 30. september. Frá og með október til og með apríl eru bílastæði gjaldfrjáls á svæðinu.

## Ríkisstjórnin fundaði í Stykkishólmi



*Góður samhljómur var í Heimi og ríkisstjórninni.*

Ríkisstjórn Íslands kum sveitarfélaga á Vesturlandi en aðaláherslur fundarins voru atvinnumál og fyrirhuguð atvinnustefna.

Ríkisstjórnin átti einnig ýmis óformlegri samtöl en að loknum ríkisstjórnarfundum var félagsmönnum Aftanskins og öðru

eldra fólki í sveitarfélaginu boðið til kaffisamsætis á Höfðaborg. Þar gafst viðstöddum tækifæri til að eiga samtál við forsætisráðherra og aðra ráðherra ríkisstjórnarinnar um málefni liðandi stundar. Mæting var góð í kaffið og áttu margir viðstaddra góð samtöl við meðliði ríkisstjórnarinnar. Heimir Laxdal sló svo botninn í heimsókn ríkisstjórnar þegar hann stýrði fjöldasöng með glæsibrag. Sungu þá ráðherrar, heimamenn og aðrir viðstaddir einum rómi "allt sem við viljum er friður á jörð."

## Malbikunarframkvæmdir framundan



*Umtalsverð framkvæmd var að endurnýja lögnina.*

Umtalsverðar framkvæmdir stóðu yfir við Aðalgötuna í Stykkishólmi fyrir skemmtu. Verið var að endurnýja gamla lögn undir Aðalgötunni en

framkvæmdin er liður í undirbúningi fyrir umfangsmiklar framkvæmdir Vegagerðarinnar við endurbætur á Aðalgötunni í Stykkishólmi á næstunni. Fyrirhugað

er að leggja nýtt malbik á Aðalgötu frá Bónus upp fyrir afleggjara að hesthúsum. Sú framkvæmd er á höndum vegagerðarinnar en þar að auki verður malbikað

víðar í bænum á vegum sveitarfélagsins. Meðal annars verður lagt malbik í Víkurhverfi og á hluta Borgarbrautar.

## Þrír fulltrúar sveitarfélagsins sækja vinabæjamót í Örebro



*Vinabæjamótið var síðast haldið í Kolding árið 2023.*

Löng hefð er fyrir að fulltrúar vinabæja mæli sér mót og kynnist strafsemi, áskorunum og tækifærum hverra

annarra. Sveitarfélagið Stykkishólmur á fjóra vinabæi á Norðurlöndunum en það eru Kolding í Danmörku, Dram-

men í Noregi, Örebro í Svíþjóð og Lappeenranta í Finnlandi. Vinabæjamót er haldið annað hvert ár og fer fram í

Örebro í Svíþjóð þetta árið, dagana 8.-11. september. Þrír fulltrúar sækja mótið fyrir hönd Stykkishólms en það eru þau Jakob Björgvin, bæjarstjóri, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar, og Steinunn I. Magnúsdóttir, formaður bæjarráðs. Síðasta vinabæjamót var haldið í Kolding í Danmörku árið 2023 en á myndinni hér til hliðar má sjá hópinn sem sótti það mót á leið í Koldinghus, gamla kastalann í Kolding.

## Sinfó í sundi



*Magnús Ingi ávarpaði sundlaugagesti sem létu vel um sig fara og nutu ljúfra tóna Sinfó í sundi.*

Klassíkin okkar, tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru í beinni útsendingu föstudagskvöldið 29. ágúst kl. 20.00 í Sundlaug Stykkishólms. Að

þessu sinni voru sönglög í brennidepli og heiti tónleikanna, Söngur lífsins. Sinfóníuhljómsveitin leitaði eftir því að sveitarfélög tækju þátt í viðburðinum og myndu



leyfa sundlaugagestum að njóta, enda eru tónleikarnir á opnunartíma sundlauganna. Sundlaugargestir í Stykkishólmi nutu sín vel í nýju pottunum við ljúfa tóna

Sinfóníuhljómsveitarinnar og Svæðisgarður Snæfellsness bauð upp á ljúffengan heilsudrykk á bakkanum. Góð mæting var á viðburðinn og létt yfir viðstöddum.

## Mikil aðsókn í sundlaugina



Nýr sauna- og infra-rauður klefi var tekinn í notkun í lok júlímánaðar. Var það lokahnykkurinn í miklum endurbótum á aðstöðu sundlaugarinnar. Nýju pottarnir,

sem teknir voru í notkun skömmu fyrr, hafa vakið mikla lukku en um er að ræða annars vegar hefðbundinn klórpott og hins vegar pott með hinu einsta-

ka heilsuvatni sem við í Stykkishólmi státum af. Í júlímánuði var nýtt met sett í innkomu sundlaugarinnar og eldra aðsóknarmet yfir fjölda í mánuði nánast jafnað.

Gestafjöldi var 10.656 en árið 2020 þegar landsmenn voru hvattir til að ferðast innanlands vegna Covid-19 voru 10.660 gestir sem heimsóttu sundlaugina í júlí.

## Nýtt og glæsilegt íþróttahúsgólf



Umfangsmiklar framkvæmdir stóðu yfir í íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi þegar unnið var að því að skipta um parket á íþróttasalnum. Framkvæmdin

gekk vel og eru nú ungir sem aldnir íþróttaiðkendur í Stykkishólmi farnir að stunda sitt sport á splunkunýju og góðu parketi. Að sögn Magnúsar Inga, íþrótt-

og tómstundafulltrúa, er mikil ánægja með nýja gólfid enda töluverður munur frá því sem áður var. Búið er að merkja allar keppnislínur á völinn en eftir stendur

að merkja gólfid með Snæfellsmerkinu sitt hvoru megin við körfuboltavölinn. Magnús gerir ráð fyrir að það verði klárt fyrir fyrsta heimaleik í vetur.

## Skilti til minningar um vesturfara afhjúpað á höfninni

Eins og fram kemur á fosiðu blaðsins var margt um manninn þegar nýtt og glæsilegt skilti sem heiðrar minningu vesturfara, sem fóru frá Stykkishólmshöfn, var afhjúpað á höfninni sunnudaginn 31. ágúst. Um 50 meðlimir ættfræðifélagsins Icelandic Root mættu á viðburðin en skiltið er unnið í samvinnu við félagið. Áður höfðu forsvars-

menn félagsins óskað eftir því að slíkt skilti yrði sett upp og komu nokkrir nokkrir fyrir hönd félagsins á fund í Ráðhúsinu þess efnis. Skiltið prýðir sér vel á höfninni og var ekki annað að sjá en að viðstaddir væru hæstánægðir með niðurstöðuna. Sumarliði Ásgeirsson var með myndavélina á lofti og fangaði stemmninguna í hópnum.



Skiltið afhjúpað.



Steinunn býður fólk velkomið.



Boðið var upp á kaffi og með því í Norska húsinu.



Hrafnhildur ávarpar hópinn.



Pönnukökur frá kvenfélaginu klikka seint.

## Ný sýning í Norska húsinu



Sýningin stendur frá 6. september til 9. október.

Ný haustsýning opnar í Norska húsinu 6. september næstkomandi. Opnunin fer fram á milli kl. 14 og 17. Um er að ræða málverkasýningu Leifs Ýmis Eyjólfssonar. Undanfarið hefur Leifur kíkt til veðurs og skrifað hjá sér hugleiðingar þess efnis. Hann kíkir útum gluggann og kíkir í gættina. Kíkir líka stundum út. Út frá þeim

skissum hefur hann unnið málverk með akrýl á striga. Verkin eru afrakstur tilraunakennds ferlis, sem hefur verið töluvert langur en er þó mögulega rétt að byrja. Þrátt fyrir að verkin séu unnin hinum megin Faxaflóans er viðeigandi að viðra málverkin í Stykkishólmi þar sem rík hefð er fyrir veðurathugunum.

## Norðurljósahátíð 2025



Norðurljós séð frá Súgandisey.

Norðurljósahátíð verður haldin í Stykkishólmi dagana 23.-26. október næstkomandi. Undirbúningur hátíðarinnar er á góðum skriði en dagskráin verður auglýst þegar nær dregur. Hátíðin var síðast haldin í fyrra en almennt er miðað við að halda Norðurljósahátíð annað hvert ár til móts við Danska daga. Þar sem einnig

var haldið upp á 30 ára afmæli Danskra daga í fyrra var ákveðið að halda Norðurljósahátíð aftur í ár og Danskir dagar yrðu næst haldnir 2026. Menningarhátíðin Norðurljósinn verður haldin í áttunda sinn nú í ár og fagnar hátíðin því 15 ára afmæli. Íbúar og aðrir eru beðnir um að taka dagana 23. - 26. frá.

## Enn bætist í gönguleiðir um Nýræktina



Formaður Skógræktarfélagsins og bæjarstjóri fögnuðu nýjum stig með grillaðri pylsu og kók.

Eins og náttúruunndum í Stykkishólmi er vel kunnugt um hefur verið mikill kraftur í Skógræktarfélagi Stykkishólms undanfarin ár. Sveitarfélagið hefur undanfarin ár unnið með Skógræktarfélaginu að framtíðarsýn og uppbyggingu á skógræktarsvæðinu við Grensás með það að markmiði að auka útivistarmöguleika í nálægð við bæinn. Mikill gangur var í stígagerðinni í sumar og eiga ungmenni í vinnuskólanum þar stóran

þátt í. Nýr og glæsilegur stígur hefur verið lagður úr stóra lundinum við bílastæðin sem liggur upp á á sinn og tengist þar inn á eldri stíga. Skógræktarfélagið bauð ungmennum og öðrum sem unnið höfði í þágu skógræktarinnar í sumar í grillveislu í Nýræktinni á dögnum.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.

## Umhverfisganga bæjarstjóra



Frá umhverfisgöngu 2021.

Umhverfisganga verður í Stykkishólmi dagana 15. til 18. september. Ástæða þess að gangan er í seinna falli þetta árið er að ákveðið var að bíða eftir að nýir starfsmenn væru komnir til starfa og búnir að kynna starfseminni áður en farið væri í umhverfisgönguna. Í göngunni mun bæjarstjóri ásamt

öðrum fulltrúum sveitarfélagsins, ganga með íbúum um hverfi Stykkishólms og huga að nánasta umhverfi. Tilgangur með umhverfisgöngunni er að efna til samtals um nánasta umhverfi, hvað megi betur fara í frágangi og umhirðu bæjarins, auk þess að miðla upplýsingum um fyrirhugaðar fram-

kvæmdir. Lagt er upp með að boða til umhverfisgöngu annað hvert ár en hún féll niður árið 2023 af óviðráðanlegum ástæðum. Síðast var umhverfisganga í Stykkishólmi því árið 2021 og þar áður árið 2019. Fjölmargar gagnlegar ábendingar bárust í þeim göngum og margt búið að gera sem íbúar bentu á. Aðrar ábendingar hafa einnig nýst vel og hafðar að leiðarljósi í ýmsum framkvæmdum. Í báðum göngum var umræða um umferðaröryggi áberandi. Einnig var íbúum umhugað um leikvelli, gangstéttir og gönguleiðir. Frá síðustu göngu hefur

umferðaröryggisáætlun Stykkishólms verið samþykkt og hraðahindrunum komið fyrir á Silfurgötu í samræmi við hana. Nýr leikvöllur var tekinn í notkun á Garðaflöt og ráðist í endurbætur á leikvelli við Lágholt. Framundan er svo vinna við endurbætur á leikvelli á Skúlagötu en stefnt er að því að hann verði kominn í gott stand fyrir næsta vor. Þá hefur sveitarfélagið undanfarið lagt ríka áherslu á að bæta gönguleiðir innan- sem utanbæjar. Sveitarfélagið hefur undanfarið átt gott samstarfi við Skógræktarfélag Stykkishólms vegna uppbyggingar á gönguleiðum í Grensás sem tekið hafa miklum framfaraskrefum. Íbúar eru hvattir til að mæta og taka þátt í að gera góðan bæ enn betri. Gangan hefst mánudaginn 15. september kl. 16:30 við gatnamót Borgarbrautar og Skúlagötu. Gengið verður þá um Borgarbraut, Flatir og Víkurhverfi en kl. 18:00 hefst seinni ganga kvöldsins sem fer frá sama stað en þá verður gengið um Skúlagötu, Ægisgötu, Tangagötu og Austurgötu. Frá mánudeginum til fimmtudagsins verða tvær göngur sem hefjast á þessum tímum, 16:30 og 18:00. Nánari upplýsingar má sjá á myndinni hér til hliðar.

